

Heimildarlög

Nr. 28.
2.
nóvbr.

fyrir landsstjórnina, til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Stjórninni er heimilt að verja allt að 4000 kr., til að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau á landssjóðs kostnað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 29.
2.
nóvbr.

um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmannaeyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.